



## Fundargerð stjórnar AKÍS

**Staður og tími:** Fjarfundur á Zoom, 17. janúar 2023 kl. 18:00

**Mættir aðalmenn:** Aðalsteinn Símonarson (AS), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Halldór Viðar Hauksson (HVH), Baldvin Hansson (BH), Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS).

**Mættir varamenn:** Sigurjón Andersen (SA).

Fundinn sat einnig Bergur Þorri Benjamínsson (BÞB) framkvæmdastjóri.

**Fjarverandi:** Halldór Jóhannsson (HJ) aðalmaður og Sigfús B Sverrisson (SBS) varamaður.

AS ritaði fundargerð.

### 1. FIA IMMERSION

Kolbrún Vignisdóttir var í fyrsta hóp FIA til að komast í FIA IMMERSION s.l. haust, en verkefninu er ætlað að styrkja unga og upprennandi leiðtoga í akstursíþróttum. Kolbrún mætti á fundinn og sagði lauslega frá því sem fram fór. Von er á ítarlegri gögnum á næstunni.

### 2. Námskeið 2023

Rætt um fyrirhuguð námskeið sem halda þarf fyrir komandi keppnistímabil. BÞB falið að halda utanum undirbúning með aðstoð frá BH.

AÓS fór af fundi.

### 3. Rafbílar í keppni

Fyrirspurnir hafa borist varðandi þátttöku rafbíla í keppni í ýmsum greinum. BH lagði til að stjórnin myndaði sér skoðun á málinu, byggða á traustum grunni. Öryggisráði var s.l. haust falið að koma með tillögum um málið. BÞB falið að kalla eftir tillögum ráðsins til að stjórn geti fjallað um þær á fundi 7. febrúar n.k.

### 4. Tillaga starfshóps um fjölmiðlamál

Ingimundur Helgason mætti til að kynna tillögu starfshóps um fjölmiðlamál. Megin niðurstaða hópsins er að fyrirbyggjandi "Reglur fyrir fjölmiðlafólk í aksturskeppnum" sé að mestu fín, svo langt sem hún nær, en talsvert vanti á að AKÍS og keppnishaldarar fari eftir þeim.

Hópurinn leggur m.a. til að settar verði nánari reglur um ýmsa þætti s.s. dreifingu myndefnis (birtingu/útsendingu), nýtingu myndefnis, kostun og markaðssetningu.

Ákveðið að leggja tillögur hópsins fyrir fund formanna sem haldinn verður við fyrsta tækifæri, BÞB falið að finna heppilega tímasetningu.

### 5. Beiðni um leyfi til þáttagerðar 2023

Beiðni hefur borist um leyfi til þáttagerðar um íslenskar akstursíþróttir á yfirstandandi keppnistímabili.

Ákveðið að BÞB svari og vísi til yfirstandandi endurskoðunar á reglum um málið.



**6. Ársþing**

Ákveðið að halda þingið í Reykjavík laugardaginn 18. mars. Staðsetning verður ákveðin síðar. Stjórnin mun hittast á Zoom á vinnufundi 31. janúar til að undirbúa ársþingið.

**7. Önnur mál**

Viðbrögð hafa komið frá Fannari lögfræðingi varðandi tryggingamál. Ákveðið að fá hann til að vinna að málinu áfram.

**Fundi slitið kl. 19.38**